

## Ársskýrsla 2022

Ársskýrsla deildarstjórnar um starf Eyjafjarðardeildar Rauða krossins 2022

Stjórn og kjörtími stjórnarmanna var þannig ákveðinn á aðalfundi deildarinnar 2022:

### Aðalmenn:

#### Til tveggja ára 2022-2024 voru kosin:

Kristín B. Gunnarsdóttir (Akureyri)  
Konráð K. Baldursson (Siglufirði)  
Jón Baldvin Hannesson (Akureyri)  
Kristjana V. Valgeirsdóttir (Ólafsfirði)

#### Áfram sitja í stjórninni til 2023 kosin til tveggja ára á aðalfundi 2021:

Gunnar Frímannsson (Akureyri)  
Gísli Kort Kristófersson (Akureyri)  
Hilmar Friðjónsson (Akureyri)  
Karen Malmquist (Akureyri)  
Sigríður Stefánsdóttir (Akureyri)

#### Varamenn kosnir til eins árs 2022-2023

Fjóla V. Stefánsdóttir (Grenivík)  
Kári Fannar Lárusson (Akureyri)  
Jovana Kotaras (Akureyri)  
Þorsteinn K. Björnsson (Dalvík)

Guðlaug Kristinsdóttir var kosin skoðunarmaður reikninga til eins árs.

Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum og var Karen Malmquist kjörin varaformaður, Jón Baldvin Hannesson ritari og Hilmar Friðjónsson gjaldkeri. Gunnar var kosinn formaður á aðalfundi 2021.

Í árslok 2022 voru 779 félagar skráðir í deildina, af þeim höfðu 548 greitt félagsgjöld. Þá voru 307 sjálfboðaliðar með skráðan sjálfboðaliðasamning við deildina á árinu sem komu að 366 verkeiningum en með því er átt við framlag eins sjálfboðaliða til eins verkefnis. Sami sjálfboðaliði getur tekið þátt í fleiri en einu verkefni og þess vegna eru verkeiningarnar fleiri en sjálfboðaliðarnir. Það er því gott og öflugt sjálfboðaliðastarf við deildina eins og hefur verið.

### Húsnæðismál

Deildin hefur aðgang að húsnæði Slysavarnarfélagsins á Siglufirði fyrir starf deildarinnar þar og greiðir fyrir það lága leigu. Í Ólafsfirði leigir deildin rými af Slysavarnarfélaginu fyrir vinaverkefni og eru þar jafnframt flokkuð föt og rekin verslun. Á Dalvík eru flokkuð föt og starfrækt verslun í leiguhúsnæði. Á Akureyri er verslun, fataflokkun, kennslusalir og skrifstofuaðstaða í húsnæði deildarinnar þar sem einnig er sinnt félagslegum verkefnum á borð við Frú Ragnheiði og Hjálparsímann 1717 ásamt móttöku flóttafólks og viðburðum með því. Þar hittist einnig handverkshópur og skjólstaðingar fá viðtöl og aðra þjónustu.

Talsverðar endurbætur hafa átt sér stað á húsnæðinu í Viðjulundi sl. ár. Í ljós kom að brunaviðvörðunartöðin var orðin úrelt og átti það til að hringja ekki inn GSM boð sem gerði hana óáreiðanlega ef á hana reyndi. Úr varð að skipt var um brunastöð. Jafnframt þurfti að fara í

tæknilegar endurbætur vegna lélegra senda í tölvubúnaði í suðursal sem orsakaði ítrekaðar bilanir. Seinnipart árs ákvað stjórn deildarinnar að ráðast í endurbætur á gólfefni á efri hæð hússins og niður stigann. Var fjárfest í parketi og var undirbúningsvinnu fyrir parketlögð lokið fyrir áramót en parketið sjálft var ekki lagt fyrir á nýju ári. Geymslu á efri hæðinni var breytt í skrifstofu og settir upp skápar í sal efri hæðar undir búnað þrjónahópsins sem áður hafði verið í geymslunni.

Nýting húsnæðisins í Viðjulundi var mjög góð á árinu. Salarleiga hefur aldrei verið meiri og sama gildir um skyndihjálparnámskeið. Haldið var sumargrill og jólahlaðborð fyrir sjálfboðaliða og hinir ýmsu viðburðir og námskeið fyrir skjólstæðinga sem og sjálfboðaliða. Fjölmörg verkefni nýttu húsnæðið. Fataverkefnið nýtir um 40% af húsnæðinu og var virkt allt árið. Hjálparsíminn og Frú Ragnheiður héldu einnig áfram göngu sinni á árinu og húsnæðið nýttist jafnframt verkefnum sem tengjast neyðarvörnum. Kennslusalir voru vel nýttir, bæði undir námskeið, fundi og aðra starfsemi deildarinnar en einnig voru salirnir leigðir út. Þá var minni salurinn notaður tvisvar í viku af handverkshópi deildarinnar. Skjólstæðingar og sjálfboðaliðar í flóttamannaverkefnum höfðu viðveru í húsi, bæði til funda og námskeiðshalds, og sum leiðsögupör (skjólstæðingur og sjálfboðaliði) nýttu húsið undir vikulega hittingsa sína. Haldnir voru reglulegir fundir með heimsóknarvinum ásamt því sem Guðnýjarstofa, herbergi á neðri hæðinni, var nýtt sem skrifstofa starfsmanna Landsskrifstofu og Eyjafjarðardeildar sem deila því rými.

Suðurendi var áfram í útleigu til einkaaðila á árinu en um haustið var gerður nýr leigusamningur sem fól í sér að leigutaki leigir nú allan syðsta endann (einnig geymslurými sem deildin hafði áður til afnota) og greiðir nú mánaðarlega leigu. Deildin keypti 20 feta gám sem er staðsettur á baklóð og nýttist nú sem geymsla.

### **Starfsmannamál**

Árið 2022 var Ingibjörg E. Halldórsdóttir deildarstjóri í fullu starfi hjá deildinni. Linda Guðmundsdóttir verkefnastjóri í fullu starfi sagði starfi sínu lausu á vormánuðum og var Sóley Björk Stefánsdóttir ráðin í hennar stað í fullt starf sem verkefnastjóri. Unnar A. Friðlaugsson var í 50% starfi við húsumsjón en fór í leyfi um haustið og var Patrekur Knutsen ráðinn í 50% starf í 6 mánuði. Róbert Theodórsson var ráðinn verkefnastjóri í flóttamannamálum í fullt starf en Eyjafjarðardeild greiðir 30% launa hans og landsskrifstofa 70%. Berglind Júlíusdóttir sagði 20% stöðu sinni lausri og deilir nú því hlutfalli í verktöku ásamt Eddu Ásgrímsdóttur. Álfheiður Svana Kristjánsdóttir gegndi áfram starfi sem neyðarvarnarfulltrúi hjá landsskrifstofu en með starfsaðstöðu hjá Eyjafjarðardeild.

### **Verkefni Eyjafjarðardeildar**

Árið 2022 fjölgaði sjálfboðaliðum um 88 verkeiningar en 104 verkeiningum lauk. Hér á eftir er gerð grein fyrir sjálfboðaliðaverkefnum deildarinnar.

### **Fataverkefni**

#### **Fatasöfnun og -flokkun**

Fötum er safnað í gáma á Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík og Akureyri auk þess sem föt berast frá Svalbarðseyri, Laugum í Reykjadal, Mývatnssveit og fleiri stöðum stöku sinnum. Fötin frá Siglufirði eru send óflokkuð til Akureyrar þar sem þau eru flokkuð og sett í sölu eða útflutning. Í Ólafsfirði eru fötin flokkuð og fatamarkaður opinn einu sinni í viku. Fötin sem nýtast ekki í Ólafsfirði eru send til

Dalvíkur og Akureyrar. Á Dalvík eru föt flokkuð og nýtileg föt seld í versluninni þar en verslunin fær einnig föt frá Akureyri og Reykjavík. Það sem nýttist ekki á Dalvík er sent til Akureyrar til útflutnings. Á Akureyri eru föt flokkuð og fer sumt í verslun eða á mánaðarlegan markað auk þess sem Bjarg/lðjulundur, verndaður vinnustaður á Akureyri, fær bómullarefni til að framleiða olíuklúta. Það sem ekki er nýtt til sölu innanlands er sent úr landi í endurvinnslu. Töluverð aukning varð á beiðnum frá starfsstöðvum Rauðakrossdeilda utan Eyjafjarðar um að Eyjafjarðardeild sendi þeim flokkaðan fatnað og fóru sendingar öðru hverju frá Akureyri til Húsavíkur, Þórshafnar, Sauðárkróks og Blönduóss. Á árinu 2022 voru sendir 16 40 feta gámar eða tæp 170 tonn af fatnaði til útflutnings frá Eyjafirði. Er útflutningur sambærilegur á milli áráanna 2021 og 2022. Sjálfbóðaliðar sem unnu að fatasöfnun og flokkun voru 34, 25 á Akureyri, 4 á Dalvík, 3 í Ólafsfirði og 2 á Siglufirði.

### **Fataverslun**

Eyjafjarðardeild rak verslanir með notuð föt og skó á Dalvík og Akureyri auk þess sem markaðir voru haldnir í Ólafsfirði. Salan í Ólafsfirði gengur vonum framur en sjálfbóðaliðar í vinaverkefninu þar halda vikulega markaði í leiguhúsnaði deildarinnar.

**Fatamarkaðir** Fatamarkaðir eða flóamarkaðir með föt, skó og smávarning voru á Akureyri í byrjun hvers mánaðar ársins nema í janúar.

Um árabíl hafði verið haldinn arðsamur fatamarkaður á Dalvík á Fiskideginum mikla en árin 2020, 2021 og 2022 féll Fiskidagurinn niður og markaðurinn þar með.

Sjálfbóðaliðar í fataverslunum og fatamörkuðum voru 48 árið 2022, 38 á Akureyri, 5 á Dalvík, og 4 í Ólafsfirði.

### **Torgsala**

Torgsölur hafa mörg undanfarin sumur verið haldnar á Ráðhústorgi þegar stór skemmtiferðaskip hafa verið í höfn og þar seldar lopavörur. Sjálfbóðaliðar í torgsölu voru 4 en fleiri aðstoðuðu við flutninga.

### **Tekjur af fataverkefnum**

Tekjur af fataverslun á Akureyri voru um 24,1 mkr., á Dalvík 4,6 mkr. og 850 þús. kr. í Ólafsfirði. Heildartekjur af mörkuðunum voru um 5,3 mkr. á árinu 2022. Tekjur af torgsölu á árinu 2022 voru um 3,6 milljónir króna.

Heildartekjur af fatasölu Eyjafjarðardeildar voru um 38.450.000 krónur sem er tæpum 6,5 milljónum meira en árið 2021. Þessu til viðbótar var seldur fatnaður úr verslunum og á mörkuðum deildarinnar fyrir fatakort að andvirði tæpum 4 mkr. Deildin skilaði um 12 milljónum króna til sameiginlegra verkefna á landsvísu og tekjur af þessu verkefni standa undir verulegum hluta af kostnaði við rekstur deildarinnar. Söfnun og endurnýting fatnaðar hefur viðtækara samfélagslegt gildi því án þessarar starfsemi þyrftu íbúar Akureyrar að losa sig við þessa tegund úrgangs með öðrum hætti með tilheyrandi kostnaði.

### **Vinahópar Eyjafjarðardeildar**

Tveir vinarhópar eru starfræktir á Eyjafjarðarsvæðinu. Vikulega hittist hópur í Ólafsfirði. Þar kemur fólk saman og spjallar, flokkar og selur föt og fæst við handavinnu. Um er að ræða virkniverkefni þar sem öllum gefst kostur á að koma og nýta krafta sína. Verkefninu er stýrt og haldið uppi af Aðalheiði Sigurjónsdóttur hópstjóra.

Prjónahópur á Akureyri prjónar fatnað fyrir verslanir deildarinnar og heldur styrktarsölur fyrir deildina. Þá hafa sjálfboðaliðar úr hópnum aðstoðað við að flokka allt garn sem kemur í fataflokkun á Akureyri og merkja það, bæði svo að auðveldara sé að nýta það í prjónahópnum og til að gera garnið endursöluvænna í verslunum. Þá hefur deildin einnig lagt nágrennadeildum til garn. Jafnframt hefur prjónahópurinn brugðist við og prjónað fyrir skjólstæðinga Rauða krossins, t.d. þá sem sækja þjónustu í verkefnið Frú Ragnheiði. Hópurinn var með vikulega samveru í Viðjulundi á árinu. Nokkrir sjálfboðaliðar taka ekki þátt í þessu hópastarfi en prjóna í heimahúsum og koma afurðunum til Rauða krossins.

38 sjálfboðaliðar voru skráðir í vinarhópa, 13 í Ólafsfirði, 4 á Dalvík og 21 á Akureyri.

### **Stuðningur við innflytjendur og flóttafólk**

Prjú verkefni eru starfrækt á vegum deildarinnar fyrir flóttafólk og innflytjendur: Leiðsöguvinaverkefnið, Tölum saman og Félagsmiðstöð flóttafólks á Akureyri. Verkefnin hafa það að markmiði að veita fólki af erlendum uppruna félagslegan stuðning, tengingu við samfélagið og styðja við íslenskunám. Þar að auki hefur deildin útdeilt sængum, sængurfötum og handklæðum sem og fatakortum, sem nýta má í verslun og á mörkuðum deildarinnar, til flóttafólks sem nýlega hefur sest að á Eyjafjarðarsvæðinu.

Átökin sem brutust út í Úkraínu í febrúarmánuði höfðu í för með sér gerbreytt landslag í málaflöknum á landsvísu. Fjórfalet fleiri komu til landsins í leit að alþjóðlegri vernd en áður hafði sést á einu ári og fór landsbyggðin ekki varhluta af þeirri fjölgun. Akureyrarbær hélt áfram þátttöku sinni í samræmdri móttöku flóttafólks á árinu og undirritaði jafnframt samning um móttöku allt að 350 einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd hér á landi árið 2023. Það fjölgaði því mjög í hópi flóttafólks sem eru í þjónustu deildarinnar á árinu – í lok árs voru þau hátt í 150 að börnum meðtöldum – og fyrir séð að framhald verði á því. Eins og gefur að skilja var stærsti hluti þess hóps frá Úkraínu en næst fjölmennasti hópurinn frá Venesúela. Fjölgunin á Eyjafjarðarsvæðinu var ekki bundin við Akureyri en flóttafólk hefur einnig sest að á Dalvík og í Ólafsfirði.

### **Leiðsöguvinaverkefnið, Tölum saman og Félagsmiðstöð flóttafólks á Akureyri**

Leiðsöguvinaverkefnið og Tölum saman eiga það sammerkt að vera pörunarverkefni þar sem skjólstæðingar, einstaklingar eða fjölskyldur, eru pöruð saman við sjálfboðaliða til tólf mánaða. Leiðsöguvinaverkefnið er sambærilegt því sem áður var þekkt sem stuðningsfjölskyldur. Hlutverk leiðsöguvinnar er að veita þeim sem nýkomin eru til landsins sálfélagslegan stuðning. Í því felst að veita félagsskap og samveru, tengingu við nærsamfélagið og almennar upplýsingar um íslenskt samfélag og menningu. Tölum saman er verkefni sem stendur öllum innflytjendum á Eyjafjarðarsvæðinu til boða og gengur út á að styðja við hefðbundið íslenskunám og gefa færi á að æfa þá íslenskukunnáttu sem skjólstæðingur býr yfir.

Leiðsöguvinaverkefnið er hluti af þjónustu sem Rauði krossinn veitir flóttafólki á landsvísu á grundvelli samnings við íslenska ríkið og það sama á við um *Tölum saman* í þeim tilvikum sem skjólstæðingur er á fyrsta ári eftir veitingu alþjóðlegrar verndar og hefur afþakkað þátttöku í

leiðsöguvinaverkefninu. Framan af ári og fram á haust reyndist vera takmarkaður áhugi á þessum pörunarverkefnum sem skýrðist einna helst af því að óvissa var um hve langdregin átökin í Úkraínu kæmu til með að vera og þ.a.l. hve varanleg búsetan hér á landi yrði.

Brugðist var við skorti á áhuga á pörunarverkefnum deildarinnar með því að leggja grunn að Félagsmiðstöð flóttafólks á Akureyri. Í upphafi nóvembermánaðar hóf hún göngu sína með vikulegum *Opnum húsum*, þar sem flóttafólk gat komið saman án þess að sérstök dagskrá lægi fyrir. Þar gafst tækifæri til að framkvæma óformlega þarfagreiningu sem hefur þjónað sem leiðarvísir í áframhaldandi uppbyggingu félagsstarfsins. Þessi Opnu hús voru misvel sótt en fjöldinn á þeim spannaði frá 2 einstaklingum upp í um 30. Þá var efnt til tilfallandi viðburða á borð við kínverskar chai-seremóníur undir handleiðslu úkraínsks chai-meistara og piparkökuskreytingarsamkomur. Einnig var leitað til ýmissa aðila um samstarf og sótt um styrki í fjölda sjóða.

Framan af ári var þjálfun nýrra sjálfboðaliða í verkefnum með flóttafólki í höndum flóttateymis Höfuðborgardeildar og Landsskrifstofu. Inngangsnámskeið voru haldin í gegnum fjarskiptaforritið Zoom, auk þess sem að sálfræðingur félagsins kom norður með námskeið í sálrænni fyrstu hjálp sem þátttakendur í leiðsöguvinaverkefninu og íslenskuþjálfunarverkefninu gátu nýtt sér. Um haustið var svo farið af stað með nýliðanámskeið á vegum Eyjafjarðardeildar.

Einnig var haldinn fræðslufundur með skjólstæðingum frá Úkraínu undir yfirskriftinni „Welcome to Iceland“. Um tilraunverkefni er að ræða sem gengur út á að Úkraínufólk sem búið hefur á Íslandi um nokkurt skeið fræði samlanda sína, sem nýlega hafa sest hér að, um íslenskt samfélag með því að draga upp samanburð við menningu heimalandsins. Fáir verkefnið brautargengi standa vonir til um að bjóða upp á sambærilega fræðslu fyrir einstaklinga af öðrum uppruna en Úkraínu.

Þá voru haldnir reglulegir fundir með þátttakendum í leiðsöguvinaverkefninu, bæði sjálfboðaliðum og skjólstæðingum.

Á árinu 2022 voru skjólstæðingar í leiðsöguvinaverkefninu 47 talsins og sjálfboðaliðar 25. Það var hins vegar enginn þátttakandi í þessu samningsbundna íslenskuþjálfunarverkefni.

## Íslenskuaðstoð

### Þjálfun í íslensku

Þjónustan er í boði fyrir innflytjendur og hefur verkefnið verið starfrækt við deildina frá árinu 2017. Um er að ræða verkefni sem er að vissu leyti í anda vinaverkefna og er stundum í daglegu tali kallað „íslenskuvinir“. Sjálfboðaliði frá deildinni hittir einstakling einu sinni í viku í um klukkustund í senn, spjallar, spilar eða aðstoðar við íslenskunám og veitir á sama tíma mikilvæga innsýn og tengingu við íslenskt samfélag. Skjólstæðingar með lítið félagslegt tengslanet njóta einnig góðs af verkefninu þar sem um félagslega samveru er að ræða. Í verkefnið sækir breiður hópur fólks af erlendum uppruna. Þetta verkefni er ekki ætlað flóttafólki fyrsta árið eftir að það kemur enda er önnur samningsbundin þjónusta í boði fyrir það. Hins vegar hefur hluti flóttafólks sóst eftir þessu úrræði síðar þegar þeirri samningsbundnu þjónustu er lokið.

### Íslenskuaðstoð fyrir börn og ungmenni

Undanfarin ár hafa sjálfboðaliðar Rauða krossins aðstoðað börn sem hafa íslensku sem annað mál. Aðstoðin felst í því að sjálfboðaliðar lesa fyrir börnin eða hjálpa þeim að lesa sjálf, allt eftir getu þeirra. Þá getur aðstoðin einnig falið í spjalli, leikjum, spilum eða aðstoð við heimanám, þá aðallega að aðstoða við skilning á fyrirmælum og annað sem vafist getur fyrir börnunum. Vegna bættrar þjónustu við börn í grunnskólum auk þess sem Lionsklúbburinn Ylfa býður þessum börnum vikulega upp á heimnámsaðstoð á Amtsbókasafninu á Akureyri hefur deildin ákveðið að leggja niður verkefnið. Þó eru enn nokkur verkefni í gangi og verður lokið á árinu 2023.

Á árinu störfuðu 29 sjálfboðaliðar í íslenskuverkefnum, þar af voru 14 sjálfboðaliðar sem aðstoðuðu börn og 15 með fullorðnum. 37 skjólstæðingar nutu þjónustunnar.

Þrjú fundir voru haldnir á árinu með sjálfboðaliðum í íslenskuverkefnum auk þess sem verkefnastjóri og hópstjóri voru í talsverðu sambandi við flesta sjálfboðaliða í gegnum síma og tölvupóst. Tveir hópstjórar eru í verkefninu, Petra Kristjánsdóttir sem tók að sér hópstjórahlutverk í lok október og Bergþóra Björk Guðmundsdóttir sem er í barneignarorlofi.

## Heimsóknavinir

Heimsóknavinaverkefnið er í mikilli þróun. Meiri hluti skjólstæðinga er eldra fólk sem ýmist býr heima hjá sér eða á öldrunarheimilum en vaxandi hluti skjólstæðinga er félagslega einangrað yngra fólk sem oft á við geðræn veikindi að stríða. Þetta gerir verkefnið meira krefjandi fyrir sjálfboðaliða og leggur þá ábyrgð á verkefnastjóra að undirbúa sjálfboðaliðana betur sem og að fylgja þeim vel eftir og styðja.

Hópstjórar heimsóknavina á Akureyri eru Hörður Ólafsson og Sólveig Gunnarsdóttir. Tveir fundir voru haldnir með sjálfboðaliðum í verkefninu og einn með hópstjórum. Eitt nýliðanámskeið var haldið í verkefninu, leiðbeinandi var Hera Hallbera Björnsdóttir frá Hafnarfirði. Auk þess fundaði verkefnastjóri einu sinni með hópstjórum.

Í heimsóknavinum voru 27 sjálfboðaliðar, þar af 26 á Akureyri og 1 á Siglufirði.

Hundavinir nefnast þeir sjálfboðaliðar sem hafa hund í fylgd með sér í heimsóknum til skjólstæðinga. Verkefnið var endurvakið á Akureyri með nýliðanámskeiði í nóvember og útskrifuðust 11 heimsóknarvinir með hund. Hópstjórar í verkefninu eru María Björk Guðmundsdóttir og Kristbjörg María Bjarnadóttir

Í lok árs var einn heimsóknavinur með hund kominn af stað í verkefni og sjálfboðaliðar í verkefninu árið 2022 telja þrjú með hópstjórum.

Símavinaverkefnið er undir yfirstjórn deildarinnar í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Þrjú sjálfboðaliðar af Eyjafjarðarsvæðinu tóku þátt í símavinaverkefninu og þrjú búsettir á Eyjafjarðarsvæðinu þáðu þjónustuna.

## Neyðarvarnir

Það er lögbundið hlutverk Rauða krossins í almannavörnum að bregðast við hópshlysum og náttúruvá. sem ógnar fjölda fólks, með því að opna fjöldahjálparstöðvar og veita þar aðhlynningu þeim sem þurfa. Eyjafjarðardeild á að vera tilbúin til að opna slíkar stöðvar á starfsstöðum sínum og hefur á hverjum stað sjálfboðaliða sem tilheyra fjöldahjálparhópum og kunna að opna fjöldarhjálpstöðvar. Utanumhald með fjöldahjálparhópum er í höndum starfsfólks Eyjafjarðardeildar.

Sú nýbreytni varð á árinu að reglulega eru nú haldin vefnámskeið fyrir sjálfboðaliða sem hafa áhuga á að starfa í fjöldahjálp. Slík námskeið eru haldin af starfsfólki Landsskrifstofu á neyðarvarnarsviði og eru ávallt til fyrir sjálfboðaliða af öllu landinu, óháð staðsetningu. Ein verkleg æfing var haldin í opnun fjöldahjálparstöðvar á Siglufirði þar sem mættu sjálfboðaliðar frá Ólafsfirði og Siglufirði. Jafnframt tóku 6 sjálfboðaliðar þátt í flugslysaæfingu Almannavarna sem var haldin á Akureyrarflugvelli í október. Á slíkum æfingum eru samankomnir fulltrúar allra viðbragðsaðila til að æfa sína hluta innan viðbragðsáætlana. Hlutverk Rauða krossins eru opnun fjöldahjálparstöðva, söfnunarsvæði slasaðra og söfnunarsvæði aðstandenda. Í þetta sinn var einungis æft á söfnunarsvæði slasaðra.

### **Viðbragðshópur**

Í viðbragðshópi Eyjafjarðardeildar eru sjálfboðaliðar sem eru sérþjálfaðir í að veita þolendum sálrænan stuðning eftir alvarleg áföll. Sjálfboðaliðar skipta með sér vöktum og eru 3 á vakt í einu, viku í senn. Teymið fór í 11 fjölbreytt útköll á árinu og má þar nefna sem dæmi vinnuslys, skotárás, bruna og flugóhapp. Hópstjórar halda viðrunarfundi með þeim sjálfboðaliðum sem fara í útkall ef þörf er á. Viðrunarfundir eru ýmist haldnir í húsnæði Rauða krossins eða á fjarfundi, eftir því hver þörfin er.

Hópstjórar viðbragðshóps á árinu voru Katrín Guðrún Guðjónsdóttir, Eydís Ösp Eyþórsdóttir og H. Brynja Sigurðardóttir. Utanumhald með viðbragðshópum á landsvísu er í höndum Landsskrifstofu en sjálfboðaliðarnir tilheyra deildum.

Árið 2022 voru 96 sjálfboðaliðar skráðir í neyðarvarnir. Þar af voru 69 sjálfboðaliðar skráðir í fjöldahjálp á starfssvæðinu, 31 á Akureyri, 11 á Grenivík, 3 í Grímsey, 11 á Dalvík, 7 á Siglufirði og 6 á Ólafsfirði. 27 sjálfboðaliðar voru skráðir í viðbragðshóp flestir á Akureyri en einn í Ólafsfirði. Því til viðbótar voru þrír í aðgerðastjórn og tveir á bakvaktarsíma Rauða krossins. Fjögur námskeið og fundir voru haldnir á árinu í neyðarvörnum.

Viðbragðshópur fékk áhugaverðan fyrirlestur Ingibjargar Lilju Ómarsdóttur í nóvember en hún vann að doktorsverkefni þar sem hún skoðaði hvaða áhrif eldgos geta haft á okkar daglega líf og hvernig stuðning við gætum þurft á að halda í bataferlinu og enduruppbyggingunni. Fjallað er um áhrif Eyjafjallajökulgossins árið 2010 á íbúa undir Austur-Eyjafjöllum og í Vík í Mýrdal og hvernig fjölskyldum í þessum tveimur samfélögum gekk að takast á við afleiðingar gossins og ná bata. Áhersla er lögð á félagslegan stuðning (social support) innan samfélaganna, óformlegan og formlegan.

### **Hjálparsíminn 1717 – símsvörun**

Á undanförunum árum hafa sjálfboðaliðar á Akureyri sinnt símsvörun fyrir Hjálpar-símann 1717. Verkefnið er hluti af samstarfi við Háskólann á Akureyri þar sem nemendur geta fengið metið til eininga sjálfboðastarf í Hjálparsímanum en enginn sjálfboðaliði kom í gegnum það samstarf á árinu. Verkefninu er stýrt frá landsskrifstofu Rauða krossins en verkefnastjóri Eyjafjarðardeildar aðstoðar við öflun sjálfboðaliða, aðstoðar sjálfboðaliða eftir því sem þeir óska og heldur utan um kynningarstarf og tengsl við Háskólann á Akureyri.

Haldið var námskeið fyrir nýja sjálfboðaliða í verkefninu í júní. 8 sóttu námskeiðið og komu þau öll inn í verkefnið sem virkir sjálfboðaliðar.

Á árinu 2022 tóku 12 sjálfboðaliðar þátt í þessu verkefni á vegum deildarinnar.

## **Frú Ragnheiður**

Starf Eyjafjarðardeildar í anda skaðaminnkunar undir merkjum Frú Ragnheiðar felst í nálaskiptaþjónustu, sálrænum stuðningi og heilbrigðisaðstoð við einstaklinga sem nota vímuefni í æð.

Sjálfbóðaliðar eru á vöktum þrisvar í viku en sinna einstaklingum utan vaktatíma endrum og eins. Sjálfbóðaliðar eru á öllum aldri og með mismunandi reynslu og menntun. Ávallt eru tveir sjálfbóðaliðar á vakt og auk þess einn reyndur sjálfbóðaliði á bakvakt. Í kjölfar samnings félagsins við Sjúkratryggingar Íslands er annar sjálfbóðaliðinn á vakt með heilbrigðismenntun en auk þess er læknir á bakvakt sem getur m.a. ávísað sýklalyfjum.

Gífurleg aukning var í ásókn til verkefnisins 2022, bæði hvað varðar fjölda heimsókna og fjölda skjólstaðinga. Fjöldi einstaklinga sem leitaði til Frú Ragnheiðar árið 2022 voru 46 í 412 heimsóknum. Árið 2021 nýttu 23 sér þjónustuna í 195 komum. Um er að ræða 100% aukningu á fjölda einstaklinga sem og heimsóknum í bilinn milli ára. Ekki er þó talið að skjólstaðingum verkefnisins á svæðinu hafi fjölgað heldur hafi traust þeirra til sjálfbóðaliðanna aukist og þess vegna leiti þeir frekar eftir þjónustunni.

Verkefnið var mikið í umfjöllun árið 2022 og birtust nokkrar greinar um stöðu skjólstaðinga. Verkefnið fékk hvatningarverðlaun Samfylkingarinnar á landsfundi flokksins. Auk þess hlutu hópstjórar verkefnisins jafnréttis- og mannréttindaviðurkenningu Akureyrarbæjar.

Hópstjórar verkefnisins halda áfram að kynna verkefnið og var meðal annars farið með kynningu og fræðslu til slökkviliðs Akureyrar, fjórða árs hjúkrunarfræðinema, Ladies Circle og Rótarýklúbbs í bænum.

26 sjálfbóðaliðar tóku þátt í verkefninu á árinu.

## **Námskeiðahald og fræðsla**

Fyrirtæki og stofnanir á starfssvæðinu kaupa skyndihjálparnámskeið af Rauða krossinum en kennslan fer ýmist fram í fyrirtækjunum sjálfum eða í húsnæði Eyjafjarðardeildar. Kennarar á vegum Eyjafjarðardeildar héldu 78 námskeið í skyndihjálpar á árinu.

Auk þess stendur deildin fyrir fræðslu um Rauða krossinn fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Lítið var um kynningar á árinu - einn grunnskóli kom í heimsókn í Viðjulundinn - í kringum 20 manns.

Haldin voru tvö PFA (Psychological First Aid) námskeið fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliðar deildarinnar. Á námskeiðinu eru kenndar aðferðir sálrænnar fyrstu hjálpar til að styðja við fólk í uppnámi og þannig aðstoða það við að ná ró og stjórn á aðstæðum. Sú færni getur hjálpað sjálfbóðaliðum og starfsfólki að vera til staðar og bregðast við þegar fólk þarf á stuðningi að halda. 42 sjálfbóðaliðar og 1 starfsmaður sóttu þessi námskeið.

## **Velferðarsjóður**

Eins og á undanförunum árum vann Eyjafjarðardeild ásamt Hjálparstarfi kirkjunnar, Hjálpræðishernum og Mæðrastyrksnefnd Akureyrar undir hatti Velferðarsjóðs Eyjafjarðar að því að styðja við bakið á þeim sem minnst hafa milli handanna. Í stjórn Velferðarsjóðsins sitja tveir tilnefndir fulltrúar frá ofantöldum hjálparsamtökum, einn stjórnarmaður og einn varamaður. Fulltrúar Eyjafjarðardeildar



voru Kristín Björk Gunnarsdóttir og Sigríður Stefánsdóttir sem varamaður. Stjórnin fundar reglulega yfir árið.

Velferðarsjóðurinn tekur á móti umsóknum um stuðning, vinnur úr þeim og afgreiðir eftir tekjuviðmiðum. Áhersla er lögð á faglega úrvinnslu en mikill fjöldi fólks sækir um og fær úthlutað árið um kring. Aðkoma Rauða krossins milli jóla er fyrst og fremst með stjórnarsetu í sjóðnum og góðu samstarfi við félagasamtökin sem að þessu verkefni koma. Mæðrastyrksnefnd og starfsmaður Glerárkirkju sjá um umsóknir og úthlutanir. Rauði krossinn kemur svo með auknum hætti að jólaaðstoðinni og hefst undirbúningur fyrir þá vinnu á haustmánuðum hvers árs. Sett var upp símaver í húsnæði Rauða krossins í lok nóvember til að taka á móti umsóknunum símléiðis en sú nýbreytni varð þetta árið að opnuð var heimasíða Velferðarsjóðsins þar sem tekið var á móti umsóknum með rafrænum hætti. Mun fleiri sóttu um rafrænt en símléiðis. Úthlutun úttektarkorta, fatnaðar og matar fór síðan fram í húsnæði Hjálpræðishersins dagana 12.-15. desember.

Mikil vinna sl. ár hefur verið lögð í að breyta og bæta umsóknar- og úthlutunarferlið í kringum sjóðinn með það að markmiði að skapa betra umhverfi fyrir umsækjendur sem þurftu nú í fyrsta sinn einungis að sækja jólaúthlutun sína á einn stað í stað þess sem áður hefur verið að umsækjendur hafa þurft að mæta á allt að þrjá staði frá upphafi umsóknar og þar til úthlutun fer fram.

Tæplega 9% aukning umsókna var í jólaaðstoðina milli ára og voru afgreiddar um 474 umsóknir á móti rétt um 433 árið 2021. Sjóðurinn úthlutaði samtals 15,5 milljónum króna auk úthlutunar á matvöru og jólagjöfum fyrir börn.

7 sjálfboðaliðar lögðu til vinnu við þetta verkefni í aðdraganda jóla. Rauði krossinn við Eyjafjörð leggur ekki til beint fjárframlag í sjóðinn en leggur til sjálfboðaliða, starfsfólk og aðstöðu til verkefnisins. Auk þess úthlutaði Rauði krossinn við Eyjafjörð fatakortum til umsækjanda að andvirði 2,6 milljóna króna. Mikil aðsókn var í verslun Rauða krossins þar sem greitt var fyrir fatnað með fatakortum.

### **Viðbrögð við neyðarbeiðnum**

Rauði krossinn á Íslandi efnir eftir atvikum til neyðarsafnana vegna náttúruhamfara eða stríðsástands úti í heimi. Eyjafjarðardeild lagði á árinu til 2.500.000 krónur samtals til Austur-Afríku vegna hungursneyðar.

### **Baksturshópur**

Á árinu gerði deildin samkomulag við Brauðgerðarhús Akureyrar í Sunnuhlið um að fá brauð frá deginum áður, þá daga sem fataflokkun fer fram, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Eru sendingarnar vel útláttnar af bæði matarbrauði og sætabrauði og yfirleitt er meira en nóg til af brauði út vikuna. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að hætta með bökunarhóp og hefur þeim sjálfboðaliðum sem í honum voru nú verið boðið að taka þátt í öðrum verkefnum.

### **Félagsstarf**

Rauði krossinn er félag sem byggir á sjálfboðnu starfi. Þátttaka félagsmanna í starfi Eyjafjarðardeildar er fyrst og fremst fólgin í sjálfboðnu starfi í verkefnum deildarinnar. Þátttaka í aðalfundum er ekki almenn og almennir félagsfundir eru ekki haldnir. Eftir langt hlé frá öllu félagsstarfi var loksins hægt að halda sumarfagnað þar sem var grillað og notið góðrar stundar saman, um leið var Linda

starfsmaður kvödd. Fyrir jólin var haldið jólahlaðborð með hangikjöti og uppstúf. Á milli 80-95 sjálfboðaliðar mættu á báða viðburðina. Sex fulltrúar deildarinnar auk deildarstjóra tóku þátt í aðalfundi landsfélagsins í lok maí og formaður ásamt deildarstjóra tóku þátt í formannafundi í Borgarfirði í nóvember.

### **Samstarfsaðilar**

Fjölsmiðjan á Akureyri var stofnuð 9. júlí 2007. Stofnaðilar voru Akureyrardeild Rauða krossins, Akureyrarbær, Vinnumálastofnun, Eining-löja og FVSA. Meginmarkmið Fjölsmiðjunnar er að valdefla ungt fólk sem stendur á krossgötum í lífi sínu við að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað og/eða frekara nám. Allt frá upphafi hefur Rauði krossinn við Eyjafjörð - áður Akureyrardeild - átt fulltrúa í stjórn Fjölsmiðjunnar og árið 2022 var formaður Fjölsmiðjunnar úr stjórn Eyjafjarðardeildar. Á árinu 2022 áttu sér viðræður milli Eyjafjarðardeildar og Fjölsmiðjunnar um hvort farsælla yrði fyrir Fjölsmiðjuna að fá fulltrúa frá SSNE inn í stjórn Fjölsmiðjunnar sem tæki þar með við sæti stjórnarmanns Eyjafjarðardeildar. Voru báðir aðilar sammála um að slík breyting gæti reynst starfsemi Fjölsmiðjunnar vel. SSNE samþykkti að leggja til stjórnarmann og úr varð að stjórn Eyjafjarðardeildar ákvað að draga sig formlega út úr stjórnarstarfi Fjölsmiðjunnar. Á fundi Fjölsmiðjunnar í mars 2023 lýkur því 15 ára samstarfi Rauða krossins og Fjölsmiðjunnar. Við þökkum Fjölsmiðjunni kærlega fyrir farsælt samstarf og óskum henni alls hins besta.

Á Akureyrarvöku bauðst Eyjafjarðardeild Rauða krossins að selja kerti fyrir friðarvöku sem er fallegur viðburður sem hefur verið hluti af Akureyrarvöku frá árinu 2015. 10 sjálfboðaliðar tóku þátt í sölunni og fræddu gesti og gangandi um starfsemi deildarinnar.

Þakkir færum við Akureyrarbæ fyrir að gefa okkur tækifæri til að taka þetta verkefni að okkur, Skátunum sem tóku að sér að kveikja á kertunum, Landsbankanum sem stóð straum af kostnaði við kaup á kertum, Plastiðjuni Bjarg sem framleiðir kertin sérstaklega fyrir viðburðinn og Geimstofunni sem gaf okkur hönnun og merkingar. Alls söfnuðust 328.000 krónur sem varið verður til verkefna sem snúa að flóttafólki og Frú Ragnheiði.

Rauði krossinn við Eyjafjörð og Háskólinn á Akureyri gerðu með sér samkomulag á árinu um að nemendur við sálfræðideild HA geta nú fengið 6 ECTS einingar fyrir vinnu tengda sálfræðinámi sínu eða þátttöku í sjálfboðaliðastarfi líkt og hjá Rauða krossinum. Þetta getur t.d. nýst á Hjálparsímanum 1717 en einnig í fleiri verkefnum. Með þessu samstarfi fá nemendur mjög verðmæta reynslu og Rauði krossinn öflugra sjálfboðaliða í sínar raðir. Um er að ræða samstarf sem Linda Guðmundsdóttir og Ingibjörg Halldórsdóttir höfðu unnið að koma á laggirnar í nokkur ár.

### **Styrkir og velunnarar**

Brauðgerðarhús Akureyrar við Sunnuhlíð styrkti Rauða krossinn rausnarlega með brauði og bakkelsi fyrir sjálfboðaliða deildarinnar.

Ekran styrkti Frú Ragnheiði reglulega á árinu með matvöru fyrir skjólstaðinga verkefnisins.

Starfsmenn hjá verktakafyrirtækinu Finnur ehf halda áfram að sjá til þess að bílaplanið við Viðjulund sé fært óháð veðráttu.

Legatsjóður styrkti Frú Ragnheiði með myndarlegu framlagi.

Ýmsir aðrir hafa styrkt starf Eyjafjarðardeildar sem of langt mál yrði upp að telja og fullyrða má að deildin nýtur velvilja almennings, félaga og fyrirtækja. Stjórn Eyjafjarðardeildar þakkar öllum einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa lagt deildinni lið á árinu 2022.

## **Lokaorð**

Starf Eyjafjarðardeildar er fjölbreyttara og öflugra en verið hefur um langt árabil. Verkefni eru fjölmörg og margbreytileg. Mikill fjöldi sjálfboðaliða starfar með deildinni og enn stærri hópur fólks nýtur góðs af starfinu, bæði á félagssvæðinu og á landsvísu. Starfsfólki í Viðjulundi hefur fjölgað umtalsvert með nýjum verkefnum og nú þrengir að í húsnæðinu sem framsýnt forystufólk deildarinnar kom upp fyrir um áratug og sumum ráðamönnum sunnan heiða þótti þá allt of stórt. Rekstur deildarinnar er í góðu horfi í höndum traustra starfsmanna á árinu 2022 og það verður að segjast að deildin hefur verið einstaklega heppin með starfsfólk sitt, fyrr og síðar.

Stjórn Eyjafjarðardeildar þakkar starfsfólki sínu og sjálfboðaliðum á starfssvæðinu öllu óeigingjarnt og ómetanlegt framlag til Rauða krossins á Íslandi á árinu 2022. Stjórnin þakkar líka einstaklingum, fyrirtækjum og félögum stuðning við verkefni deildarinnar á árinu.